

Heimsstyrjöldin og hjálpin frá stjörnunum

I.

SAKIR fjarveru minnar úr bænum, sá jeg ekki grein hr. Grjetars Fells (Þjóðólfur 5. júlí) fyr en nú í þessum mánuði. Grein skáldsins er svar við nokkrum athugasemdum mínum í Morgunblaðinu 27. júní, og kennir þar mjög alvarlegs misskilnings á kenningum mínum. Það er t. d. fjarri mjer að halda því fram, að dulvísinn sje **ekkert annað** en „hugarórar eða heilaspuni“. Annað mál er það, að ef slíkt á að geta að notum orðið, og ekki að skaða, þá þarf vísindi við. Hvað „innblástur“ er, og yfirleitt, það sem dulrænan hefir svo lengi misskilið og vanskilið, er augljóst nú, þegar eðli drauma er kunnugt orðið. Á því er ekki nokkur vafi, að jeg hefi rjett fyrir mjer í því, að á þessu sviði þurfa að koma og geta komið, vísindi í stað trúar og hjátrúar. Og hvað sem liður sambandi við „heim andans“ eða einhverjar „hæðir vitundarlífsins“, þá er það víst, að það sem

oss riður á umfram alt nú, hjer á jörðu, er samband við fullkomnara jarðlíf annarsstaðar í himingeimnum. — Takist ekki að ná því sambandi, þá er glötunin vís.

II.

NOKKRUM vikum áður en fyrri heimsstyrjöldin hófst, sagði jeg, án þess að slá nokkurn varnagla, að meiri voði en dæmi væru til í sögu mannkynsins áður, væri alveg yfirvofandi. Og í Nýal, 1922, má lesa (s. 443), að sennilega muni, fyrir miðja þessa öld, geysa önnur heimsstyrjöld, ennþá ógurlegri en sú fyrri, ef tilrauninni til að færa líffræðina út til stjarnanna (og gera þar með enda á dulrænunni) verði ekki sint. — Varnaglinn „sennilega“ á aðeins við tímaákvörðunina: en um hitt var jeg ekki í neinum vafa, að annarar styrjaldar væri von, ef menn ljetu sjer ekki að gagni verða þetta „ljós frá Íslandi“, sem hinn ágæti spámaður Adam Rutherford hefir skrifað svo aðdánlega um.

III. ,

NÚ VEIT jeg að vísu vel að sönn þjóðrækni er hjá oss Íslendingum ekki betur á veg komin en svo, að treglegar mun hjer ganga að fá mjög mikilvæg sannindi þegin — og án þess geta þau vitanlega ekki að notum orðið — ef þau eru íslensk. En þó er jeg að skrifa þetta, af því að jeg þykist mega vera þess viss, að til eru meðal lesenda mínna þeir menn, sem láta sjer það vel skiljast af því, sem þegar er ótvíræðlega í ljós komið að jeg hefi rjett sjer, hversu óvarlegt það er, að vera sannfærður um að ekki sje mark takandi á orðum mínum.

IV.

STANDI styrjöld þessi sem nú er, svo sem 10 ár, eins og þeir virðast helst ætla, sem best er treystandi til að dæma, þá mun þýsna erfitt verða fyrir þjóðirnar að rjetta við aftur, miklu erfiðara en eftir heimsstyrjöldina fyrri. En takist hinsvegar að vekja almennan áhuga á lífsbandinu milli stjarnanna, þá mun þessari mestu styrjöld mannkyns-

ins skjótt verða lokið, og óvæntrar hjálpar verða kostur í viðreisnarstarfinu, blátt áfram af því, að slíkar verur, sem urðu fyrri kynslóðum tilefni trúarbragða, munu þá betur geta komið sjer við hjer, og á miklu fullkomnari hatti, stutt alla góða viðleitni, en nokkur dæmi eru til áður í sögu mannkyns vors.

V.

Í BÓK, SEM HEITIR Sannýall (5. bindi Nýals), og von er á innan skamms, og þar sem einn kaflinn heitir „Vegna hvers verið er á helvegi“, hygg jeg að mjer hafi tekist að gera mun auðskildara en áður, alt þetta mál, sem hjer hefir nú verið vikið nokkuð á.

September 1943.

Helgi Pjeturss.